

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133 / 110**  
**komudagur 13.11.2006**

## ÁHUGAHÓPUR UM VERNDUN ÞJÓRSÁRVERA

Skeiða- og Gnúpverjahreppi 9. nóvember 2006

### Umsögn um þingsályktunartillögu um stækkun friðlandsins í Þjórarárverum

Áhugahópur um verndun Þjórarárvera fagnar þingsályktunartillögu um stækkun friðlandsins í Þjórarárverum og vonar að hún nái fram að ganga. Löngu er orðið tímabært að lagfæra mörk friðlandins þar sem þau hafa aldrei náð yfir allt það svæði er nefnist Þjórarárver og ekki fylgt neinum náttúrufarslegum mörkum. Eðlilegt er að friðlandið nái að vatnaskilum í Hofsjökli, sem er bakhjarl Þjórarárvera og einnig gljúfra þeirra sem Þjórará hefur myndað í gegnum tíðina og myndað í því þrjá stórbrotna fossa.


#### **Greinargerð:**


Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvísunum, einstakt vistkerfi. Þar er átt við svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórará, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna.

Í Þjórará eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakur og áhugaverður en ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan, þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði.

Friðlýsing sem næði til alls þessa svæðis stuðlaði að viðtækri og markvissri verndun einstakrar landslagsheildar.

Fh. Áhugahóps um verndun Þjórarárvera

  
Halla Guðmundsdóttir

  
Sigprúður Jónsdóttir